

Framfarafélag Flateyjar

Stjórnarfundur 9.5.2017.

Fundarstaður: Álftanesi

Fundur settur kl. 20:00. Mættir eru : GS, BB og KSI. HB og DS boðuðu forföll á síðustu stundu.

- Tekin fyrir bókun Gunnars Sveinssonar varðandi heimasíðu félagsins frá aðalfundi í mars. Fundarmenn sammála um mikilvægi heimasíðunnar og fagna góðum hugmyndum. Ákveðið að fresta afgreiðslu fram að næsta stjórnarfundum.
- Tekin fyrir umsókn Björns Samúelssonar í FFF frá síðsta aðalfundi. Stjórn tekur vel í umsóknina og samþykkir aðild hans sem aukafélaga skv. grein 1.3. í lögum félagsins.
- Umræða um ástand bryggjunnar í Flatey og fundur formanns með ráðherra undirbúinn. Minnisblað Vegagerðarinnar rætt og neðansjávarmyndir frá Hafþóri Inga Þorgrímssyni skoðaðar sem sýna ónýta og horna neðri enda bryggjustólpa. Viljayfirlýsing frá sveitarstjóra Reykhólahrepps, sem afsalar sér ábyrgð á ferjubryggjunni til Vegagerðarinnar, lögð fram.
- Umræða um póst frá Alberti í Klausturhólum varðandi fyrirhugað málþing í Flatey 22.-23 júlí nk.
- Lögð drög að Hreinsunarhelgi í Flatey um Hvítasunnuna (Gönguferð með tilgang) sem áætlað er að verði með sama sniði og í fyrra. Á Hvítasunnudag er mæting á reitnum fyrir framan Hótelið kl. 14. Ruslapokar settir sem næst veginum eða véltækjum. Bjarni og Maggi týndu þá upp í fyrra. Fólk fer frá innri merkjum og fram að bryggjunni. Grillaðar pylsur á gasgrillinu í Vogu. FFF skaffar svarta ruslapoka og pylsur.

Fundi slitið kl. 22:30